

Straetó bs.  
Bt. Jóhannes Svavar Rúnarsson  
Þönglabakka 4  
129 Reykjavík

Reykjavík 30. mars 2015

**Efni: Beiðni Straetó bs. um aðstoð við skipulagningu á skólaakstri fatlaðra ásamt afhendingu persónuupplýsinga notenda þjónustunnar, dags. 24.03.2015**

Ágætu viðtakendur,

Við höfum séð um skólaakstur fatlaðra skólabarna frá árinu 1998 en ekki var gengið frá samningi fyrr en árið 2000 vegna ágreinings við fyrrverandi verktaka. Við höfðum mjög takmarkaðar upplýsingar undir höndum þegar við tókum við þessu verkefni, en lögðum metnað okkar í að ná utan um verkefnið og sníða að þörfum barnanna og aðstandenda þeirra.

Útboðið gaf ekki rétta mynd af verkefninu og í kjölfarið fylgdi mikill kostnaður hjá okkur að haga málunum á þann hátt að notendur þjónustunar finnu ekki fyrir slökum undirbúningi á verkefninu.

Öll þessi ár höfum við sinnt þessari þjónustu mjög vel að því er við best vitum. Notendur þjónustunnar og aðstandendur þeirra eru ánægðir með störf okkar og reynt hefur verið að tryggja lágmarks starfsmannaveltu í þessum akstri þar sem mikilvægasti þátturinn í þjónustunni eru bílstjórarnir. Við höfum reynt að tryggja viðveru og hæfni þeirra með símenntun sem metin er til launa.

Þrátt fyrir að þjónustan hafi gengið mjög vel og okkar starfsfólk hafi fundið sig vel í starfi þá hefur það ágerst hjá okkur undanfarin ár að búnaðurinn sem við erum að bjóða, smárúturnar, eru ekki sæmandi og ekki af þeim gæðum sem við viljum hafa í okkar bílaflota. Þetta var fyrst og fremst ástæða þess að við sögðum samningum upp í febrúar 2014 þar sem ítrekaðar stuttar framlengingar á samningnum gerðu okkur ekki kleift að endurnýja bílaflotann svo sómi væri af.

Eftir góðar viðræður þar sem við töldum vera gagnkvæman skilning á eðli þjónustunnar var skrifað undir samkomulag um framlengingu á eldri samningi til eins árs, það er til 1. júní 2015. Í þessum viðræðum lýstum við margoft yfir þeiri skoðun okkar að þjónusta við fatlaða einstaklinga krefst sérþekkingar sem verður að endurspeglast í kröfum til bjóðenda í fyrirhuguðu útboði þannig að tryggt verði að bjóðendur geri sér grein fyrir þeim viðbótarkostnaði sem af því hlýst og ekki yrði gerð sömu mistök og árið 1998 þegar aksturinn var boðinn út.

Þegar útboðsgögnin komu fram varð okkur ljóst að ábendingar okkar hefðu ekki verið teknar til greina, sem setti okkur í vafa um hvort við ættum að bjóða í verkefnið þar sem sannfæring okkar var að þetta myndi ekki ganga vel. Í útboðslýsingu kom skýrt fram að falla ætti frá notendastýrðri þjónustu eins og við höfðum þróað í skólaakstrinum yfir í miðlæga þjónustu. Það voru stór mistök.

Niðurstaðan okkar varð samt að bjóða í verkhluta A, ekki síst vegna áskorana frá notendum þjónustunnar. Við bundum vonir við að horft yrði til reynslu bjóðanda þar sem formið var samningskaup og verkkaupi ekki endilega bundinn að taka lægsta verðtilboðinu. Við opnun tilboða kom síðan í ljós að við áttum næst lægsta gilda tilboðið í verkhluta A.

Niðurstaða Straetó bs varð síðan að semja við einn aðila í verkhluta A en marga aðila í verkhluta B og nær allir þeir voru með hærra einingaverðtilboð en við. Þetta fannst okkur sérstök ákvörðun, það var ekki einu sinni rætt við okkur og málínu varð þar með lokið þar til nú að beiðni kemur um að við aðstoðum við skipulagningu skólaakstursins sem hefjast á eftir two mánuði hjá nýjum verktaka.

Það þarf ekki að fara í löngu máli yfir það hvernig breytingin á Ferðabjónustu Fatlaðra tókst nú um áramótin. Viðvaranir okkar og flestra þeirra sem sinntu þjónustunni áður gengu eftir og margfalt það enda varla við öðru að búast. Skipuð var neyðarstjórnum sem gerði úttekt á framkvæmdinni og lesa má í niðurstöðu þeirra að auka þurfi þekkingu og þjálfun bílstjóra sem sinna þjónustunni og það muni leiða til kostnaðarhækkana.

EKKI KEMUR ÞAR BEINT FRAM UM AÐ GREIÐA EIGI VERKTAKANUM HÆRRI GREIÐSLU EN ÓNEITANLEGA LÆÐIST AÐ MANNI SÁ GRUNUR.

Það sem vakti undrun okkar er að neyðarstjórnin hafði ekkert samband við okkur í úttekt á þeim mistökum sem klárlega átti sér stað í framkvæmdinni sem að okkar mati mátti rekja beint til lélegs undirbúnings. Eini aðilinn hafði samband, reyndar fyrir tíma neyðarstjórnarnarinnar var Dagur B. Eggertsson Borgarstjóri en hann og Þórir áttu gott spjall um þjónustuna.

Síðan berast fréttir af því að samið hafi verið við aðila sem ekki tók þátt í útboðinu. Við teljum verulegar líkur á að það sé brot á lögum og reglum um opinber innkaup og ekki ólíklegt að það endi fyrir dómstórum. Við erum að skoða okkar stöðu í því máli.

Í meðfylgjandi fundargerð opnunarfundar eru tilboðsfjárhæðir bjóðenda í A og B. Eftir að Kynnisferðir falla frá sínum tilboðum í A og B eru Hópbílar hf. lægstir í báðum flokkum en Iceland Excursions Allrahanda ehf. er þar í öðru sæti í lið A.

Þrátt fyrir að Hópbílar hf. séu lægstir í lið B er hoppað yfir þá og samið við aðra sem eru með hærra tilboð. Eingöngu er samið við Hópbíla hf. í lið A og þeirra bílaframboð (30 bílar) fyllt í þeim flokki í stað þess að skipta bílaframboði þeirra á milli A og B flokks, 15+15, og semja við Iceland Excursions Allrahanda ehf. um þá 15 bíla sem félagið bauð til áframhaldandi aksturs.

Það hefði mjög líklega gefið lægri heildarkostnað við verkefnið, tryggt meiri þekkingu og minni röskun á þjónustunni.

Með vísan til þess sem að ofan greinir, og þar sem ekkert í okkar verksamningi við Strætó bs segir að við séum skuldbundnir til að sinna þeirri beiðni sem fram er komin varðandi upplýsingagjöf um okkar farþega, en við teljum það fullkomlega óeðlilegt að við dreifum persónuupplýsingum með opnum hætti og öðru sem máli skiptir og hefði átt að vera ljóst við gerð útboðsgagnanna, er þessari beiðni hafnað.

F.h Allrahanda ehf



Pórir Garðarsson & Sigurdór Sigurðsson  
Eigendur Allrahanda ehf.

Afrít sent:

Dagur B. Eggertsson, Borgarstjóri Reykjavíkur  
Ármanн Kr. Ólafsson, Bæjarstjóri Kópavogs  
Haraldur L. Haraldsson, Bæjarstjóri Hafnarfjarðar  
Gunnar Einarsson, Bæjarstjóri Garðabæjar  
Haraldur Sverrisson, Bæjarstjóri Mosfellsbæjar  
Ásgerður Halldórsdóttir, Bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar